

6. gr.

19

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfirði 12. febr. 1913. 11. apríl

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, 27. mars 1918.

Magnús Jónsson.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909 til að öðlast gildi 15. apríl 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 11. apríl 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um notkun vatns og vatnsskatt í kaupúninu Keflavík.

20
18. apríl

1. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps sjer um, að jafnan sjeu til í kaupúninu nægileg og trygg vatnsból til afnota fyrir íbúa þess. Skal þar til kjörin vatnsnefnd annast um viðhald þeirra, en notendur greiði vatnsskatt eins og hjer segir:

a. Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsbólavæðinu er hreppsnefnd ákveður fyrir 1 ár í senn, sem virt eru til hútaskatts, skal greiða í vatnsskatt árlega $1\frac{1}{4}\%$ af virðingarverði þeirra, af íshúsum, gufubræsluhúsum og brauðgerðarhúsum 2% en af öllum öðrum húsum 1% .

b. Fyrir hvern stórgrip greiði eigandi 50 aura á ári.

c. Fyrir skip, sem vatn kynnu að taka, greiðast 35 aurar fyrir hverja tunnu.

d. Fyrir sjerstaka notkun vatnsins, fyrir hvern sem er, svo sem til húsa-bygginga, þvotta á verslunarvörum og svo framvegis, greiðist sérstakt gjald eftir ákvæðum vatnsnefndar í hvert sinn og með áður fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Verði nokkur tekjuafgangur, þegar borgað hefir verið árlegt afgjald og annar kostnaður við vatnsbólin, skal hann lagður í varasjóð.

20

18. apríl

3. gr.

Skylt er hverjum íbúa kaupþúsins á vatnsbóla svæðinu að nota vatnsból hreppsins og greiða hinn ákveðna skatt, nema samningar komist á milli hreppsnefndar og þess, er undanþágu leitar, um notkun vatnsbólanna og skattgreiðsluna, sem því aðeins getur komið til mála, að umsækjandi hafi áður átt vatnsból, er hann eingöngu notar.

4. gr.

Verði nokkur uppvís að því að skemma vatnsbólin, eða það sem þeim tilheyrir, af kæruleysi eða ásettu ráði, skal hann bæta það að fullu eftir mati þar til kvaddra manna. Enda sæti hegningu ef miklar sakir eru.

5. gr.

Hreppsnefndin kýs 3 menn í vatnsnefnd, sem hefir alla umsjón með vatnsbólunum, og skulu notendur snúa sjer til hennar um alt það, er þeim verður ábótavant. Vatnsnefnd kýs 1 mann úr sínum flokki, til þess að annast um innheimtu skattsins, og afhendir hann hreppsnefndinni fjeð, ásamt fullum reikningsskilum fyrir kostnaði við árlegt viðhald vatnsbólanna. Innheimtumaður hefir 5% af upphæðinni, en ber jafnframt ábyrgð á innheimtu skattsins, að svo miklu leyti sem hann virðist gjaldkræfur.

6. gr.

Gjaldldagi á vatnsskatti er 15. október ár hvert, og má taka hann lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar varða sektum alt að 50 kr. og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefndin í Keflavíkurhreppi hefir samið, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 26. 22. október 1912, sbr. lög nr. 57, 3. nóv. 1915, til að öðlast gildi 1. maí 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 18 apríl 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.